



BREYTING Á AÐALSKIPLAGI TÁLKNAFJARÐARHREPPS 2006-2018 Iðnaðarsvæði I2-Gileyri skilmálabreyting

Skipulagslýsing skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Desember 2022

Efnisyfirlit

1	LÝSING SKIPULAGSVERKEFNIS.....	2
1.1	FORSENDUR	2
1.2	MATSSKYLDA.....	2
1.3	MARKMIÐ.....	2
1.4	AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS.....	2
2	FORSENDUR	2
2.1	STAÐHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR	2
2.2	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	3
3	EFNISTÖK SKIPULAGSBREYTINGA	4
4	UMHVERFISMAT	4
4.1	ÁHRIFABÆTTIR	4
4.2	UMHVERFISÞÆTTIR.....	5
4.3	AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT	5
4.4	VALKOSTIR.....	6
4.5	SAMRÁÐ OG KYNNINGAR	6
4.6	TÍMAÁÆTLUN.....	7
5	HEIMILDIR	8
	Tafla 1. Vinsun umhverfisþátta og viðmiða. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskiplagi.	5
	Tafla 2. Vægiseinkunn fyrir umhverfismatsskýrslu.	6
	Mynd 1. Gildandi Aðalskiplag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.....	3

1 LÝSING SKIPULAGSVERKEFNIS

1.1 FORSENDUR

Skipulagslýsingin er í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og er yfirlit um helstu áherslur skipulagsvinnunnar, forsendur hennar, samræmi við skipulagsáætlanir og ferli skipulagsvinnunnar. Um er að ræða breytingu á skilmálum fyrir iðnaðarsvæði I2 við Gileyri í Tálknafirði. Um er að ræða textabreytingu á aðalskipulaginu en engar breytingar verða gerðar á uppdrætti. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður unnin breyting á deiliskipulagi seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar.

1.2 MATSSKYLDA

Samkvæmt nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, og tölulið 1.09 í 1. viðauka er þaueldi á fiski, annað en sjókvíaeldi með hámarkslífmassa 3.000 tonn eða meiri, með fráveitu til sjávar og hámarkslífmassa 200 tonn eða meiri í flokki B. Samkvæmt tölulið 13.02 í 1. viðauka laganna eru allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif einnig í flokki B. Framkvæmdir í flokki B eru tilkynningarskyldar og Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort þær séu háðar mati á umhverfisáhrifum, skv. 19. og 20 gr. laga nr. 111/2021, byggt á viðmiðum sem fram koma í 2. viðauka laganna.

1.3 MARKMIÐ

Markmið breytinga á aðalskipulaginu eru skilgreina betur umfang fiskeldis við Gileyri m.t.t. framtíðaráforma á svæðinu.

1.4 AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS

Breytingin mun ná til svæðis sem merkt er I2 í Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 sem skilgreint er sem þorskeldi staðsett við Gileyri. Gilsá rennur úr Gilsdal sem er fyrir austan svæðið og er hún að hluta til landamerki jarðanna tveggja. Aðkoma að svæðinu er frá Gilseyrarvegi nr. 6183 sem tengist Tálknafjarðarvegi nr. 617.

2 FORSENDUR

2.1 STAÐHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR

Starfsemin sem breytingin nær til er í landi Gileyrar og Eysteinseyrar við norðanverðan Tálknafjörð u.þ.b. 1 km fyrir innan þéttbýliskjarnann í firðinum. Svæðið nær niður í fjöru og er stór hluti þess að uppfyllingu. Stærð svæðisins er um 1.35 ha. Lóðin er að mestu ógróin malarplön og byggingar. Ofan við stöðina er gróið svæði upp að þjóðvegi og samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands¹ er vistgerðin bugðupuntsvist þar ríkjandi. Bugðupuntsvist er lýst² sem fremur rýru graslendi, sem er einkum að finna í neðanverðum hlíðum og brekkum. Bugðupuntsvist er sögð vel gróin og gróður í meðallagi hávaxinn. Einkennisfuglar eru sagðir vera þúfutittlingur, hrossagaukur og heiðlóa.⁴ Vestan við stöðina er bærinn Gileyri sem stöðin er kennd við og þar er skógrækt sem nær upp í hlíðina ofan þjóðvegjar.

Eldisrými stöðvarinnar er um 3.600 rúmmetrar og mun stækka í 19.600 rúmmetra þegar 16 x 1.000 rúmmetra kerum hefur verið bætt við. Alls eru fyrir 24 ker á lóðinni, 8 ker sem eru 6 m í þvermál og

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <http://www.ni.is/greinar/bugdupuntsvist>


eru notuð í startfóðrun inni, 8 ker sem eru 6 m í þvermál og eru úti og 4 ker sem eru 10 m í þvermál og eru úti. Þá eru 4 ker sem eru 500 rúmmetrar inni í smolthúsi. Á lóðinni eru einnig smolthús, starfsmannaðstaða, fóðurstöð, hús fyrir vararafstöðvar og súrefnisdælingu og svo skrifstofubygging. Einnig er miðlunarhús og endurnýtingarkerfi þar sem vatni úr borholum er miðlað í kerin.

Engin friðlýst svæði né svæði á náttúruminjaskrá eru við Tálknafjörð og engin verndarsvæði í nágrenni stöðvarinnar en vatnsverndarsvæði er nokkuð norðvestan við hana ofan þéttbýlisins í Tálknafirði. Fornleifaskráning liggur fyrir og ekki er skráðar minjar á því svæði þar sem áformuð eru ný mannvirki.

2.2 TENGLS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í gildi er Aðalskipulag Tálknafjarðar 2006-2018 sem staðfest var 15.12.2006. Skipulagið var unnið skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Í markmiðum aðalskipulagsins kemur fram að stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu og þar er eldisstöðin að Gileyri skilgreind sem iðnaðarsvæði I2 fyrir þorskelði (Mynd 1). Gerðar hafa verið fimm breytingar á aðalskipulaginu en engin þeirra varðar svæði I2.

Deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina sem var samþykkt 06.01.2017 en gerð hefur verið ein breyting sem samþykkt var 10. Janúar 2019.



Mynd 1. Gildandi Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Landsskipulagsstefnan 2015-2026 er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Markmið með gerð landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri í áætlanagerð. Einnig er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu stefnumótunar ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands.

Stefnunni er fyrst og fremst framfylgt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, en við gerð aðal- og svæðisskipulags skal byggt á landsskipulagsstefnu. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026. Tillaga Skipulagsstofnunar liggur nú fyrir en hún hefur ekki verið samþykkt á Alþingi.

Aðalskipulagsbreytingin tengist einkum landsskipulagsstefnu um búsetumynstur og dreifing byggðar, sbr. gr. 3.4 *Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf*. Þar segir m.a. skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

3 EFNISTÖK SKIPULAGSBREYTINGA

Breytingar á Aðalskiplagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 snýr að breytingu á texta í greinargerð aðalskipulagsins í kafla 2.2.3 um iðnaðarsvæði. Gerð verður breyting á lýsingu svæðisins þar sem bætt verður við upplýsingum hvers konar framleiðslu er að ræða, um heildarbyggingarmagn á svæðinu og upplýsingum um framleiðslugetu svæðisins í tonnum á ári. Í dag er leyfi fyrir 200 tonna hámarkslífmassa en til stendur að auka framleiðslu stöðvarinnar í 1000 tonna hámarkslífmassa á ári. Ekki verðar gerðar breytingar á uppdraetti.

4 UMHVERFISMAT

Samkvæmt nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, og tölulið 1.09 í 1. viðauka er þaueldi á fiski, annað en sjókvíaelði með hámarkslífmassa 3.000 tonn eða meiri, með fráveitu til sjávar og hámarkslífmassa 200 tonn eða meiri í flokki B. Samkvæmt tölulið 13.02 í 1. viðauka laganna eru allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdir eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif einnig í flokki B. Framkvæmdir í flokki B eru tilkynningarskyldar og Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort þær séu háðar mati á umhverfisáhrifum, skv. 19. og 20 gr. laga nr. 111/2021, byggt á viðmiðum sem fram koma í 2. viðauka laganna. Breyting á aðalskiplagi fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna.

Við gerð umhverfismatsskýrslu þá verður vísað í nýlega fyrirspurn um matsskyldu um framkvæmdina og ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 11.11.2022 þar sem niðurstöður verða raktar.

4.1 ÁHRIFABÆTTIR

Þeir áhrifaþættir sem helst eiga við vegna seiðaeldis á landi eru vegna vatnstöku og frárennslis. Frárennslis inniheldur efnaleifar frá eldinu sem ekki nást með grófhreinsun þess. Þá er gætt að því að seiði sleppi ekki frá stöðinni til sjávar. Ekki verða gerðar neinar breytingar á stöðinni hvað varðar vatnstöku en endurnýting á vatni verður aukin. Verið er að bæta meðferð frárennslis frá stöðinni með því að setja upp tromlur sem skilja frá fóðuragnir o.fl. auk þess sem frárennslislagnir til sjávar verður lengdar og munu ná niður fyrir stórstraumsfjörumörk

4.2 UMHVERFISÞÆTTIR

Áhrifaþættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu.

Í eftirfarandi töflu (Tafla 1) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir³ og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna breytinga á stefnu í aðalskiplagi vegna framleiðsluaukningar við Gileyri ásamt þeim viðmiðum sem liggja munu til grundvallar. Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að neðan. Val umhverfisþátta byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum í ferlinu.

Tafla 1. Vinsun umhverfisþátta og viðmiða. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskiplagi.

Matsþáttur	Umhverfisþættir ⁴	Matsspurningar	Viðmið
Náttúrfarslegir þættir	Lífriki fjöru og strandsjávar	Hefur breytingin áhrif vegna frárennslis á lífríki fjöru og strandsjávar?	Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Drög að vatnaáætlun 2022-2027 (Umhverfisstofnun). Vatnavefsjá Umhverfisstofnunar. Heimsmarkmið SP, sbr. 14 líf í vatni, 14.1, 14.2
Menningararfur og landslag	Fornleifar og ásýnd	Hefur breytingin áhrif á ásýnd vegna nýrrar bygginga eða áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarmínjar Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
Hagrænir þættir	Samfélag	Hefur breytingin áhrif á samfélag vegna aukinna umsvifa t.d. á fjölda starfa?	Heimsmarkmið SP, sbr. 8 góð atvinna og hagvöxtur, 8.2.

4.3 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT

Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis, og upplýsingar sem aflað hefur verið við undirbúning framkvæmdarinnar en stuðst verður við eða eftir tilfellum vísað í nýlega matsskyldufyrirspurn vegna framkvæmdarinnar og nýlega ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 11.11.2022.

Unnin er umhverfismatsskýrsla samhliða aðalskiplagsbreytingunum, þar sem greint er frá mögulegum umhverfisáhrifum af framkvæmdinni og útfærslu hennar í aðalskiplagi. Framsetning umhverfismats er í formi matstafla og/eða texta. Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskiplagi ásamt umhverfismatsskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsbreytingarinnar. Vægiseinkunnin byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar⁵ og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér á eftir (Tafla 1).

³ Matsþættir taka mið af megin viðfangsefnum við breytingar á aðalskiplagi vegna framleiðsluaukningar við Gileyri.

⁴ Umhverfisþættir sbr. 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

⁵ Skipulagsstofnun. 2007.

Tafla 2. Vægiseinkunn fyrir umhverfismatsskýrslu.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

4.4 VALKOSTIR

Við gerð umhverfismatsskýrslu verða áhrifin metin út frá núllkosti sem er gildandi aðalskipulag Tálknafjarðar og gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið sem gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi.

4.5 SAMRÁÐ OG KYNNINGAR

Vegna eðlis verkefnisins og mögulegra áhrifa á íbúa, notendur og fyrirtæki á svæðinu verður leitað eftirfarandi samráðs við undirbúning aðalskipulagsbreytingarinnar.

Dæmi um samráð eru t.d. að hafa kynningarefni aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins og opið hús á vegum sveitarfélagsins um breytingarnar.

Leitað verður umsagnar eftirfarandi aðila þegar breytingartillaga liggur fyrir og hefur verið afgreidd í skipulags- og byggingarráði til kynningar fyrir almenningi, sbr. gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerð:

- Skipulagsstofnun.
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
- Minjastofnun Íslands.
- Umhverfisstofnun.
- Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Vegagerðin.

4.6 TÍMAÁÆTLUN

Eftirfarandi eru drög að tímaáætlun skipulagsferils aðalskipulagsbreytingarinnar, birt með fyrirvara um breytingar:

Desember 2022

Unnið að skipulags- og matslýsingu aðalskipulags.

Janúar 2023

Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulagsnefnd og sveitarstjórn mun hún vera kynnt og auglýst ásamt því að samráð verður haft um fyrirhugaða skipulagsvinnu. Skipulagslýsing mun einnig liggja frammi á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps: www.talknafjordur.is

Janúar-mars 2023

Unnið að tillögu að aðalskipulagsbreytingu í samstarfi við skipulagsnefnd og aðra hagsmunaaðila. Kynning og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila.

Apríl 2023

Aðalskipulagsskipulagsbreyting fullmótuð. Tillagan tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og á fundi sveitarstórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Mái-júní 2023

Tillagan í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli. Tillagan tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillögur samþykktar af skipulagsnefnd og sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps.

Júlí 2023

Tillögur sendar Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Gildistaka með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

5 HEIMILDIR

Hugrún Þorsteinsdóttir og Jón Grétar Magnússon 2016. Deiliskipulagstillaga fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landir Gileyra og Eysteinsyrar, Tálknafirði. Hugsjón ehf teiknistofa.

Lög um minningarminjar nr. 80/2012

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

<https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/eldi-sjavar-og-ferskvatns-lifvera/arnarlaxgileyri/> (skoðað 22. nóvember 2022)

<https://vistgerdakort.ni.is/> (skoðað 22. nóvember 2022)

<https://www.mast.is/static/files/leyfisveiting/arnarlax/tar-fe-1183-arnarlax-gileyri-talknafjordur.-200t.pdf> (skoðað 22. nóvember 2022)

<http://www.ni.is/greinar/bugdupuntsvist> (skoðað 22. nóvember 2022)

<http://www.ni.is/greinar/thangklungur> (skoðað 22. nóvember 2022)

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. *Náttúruminjaskrá*. Desember 2020. Sótt 22. nóvember 2022 af <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun. 2016. *Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð*.

Skipulagsstofnun. 2007. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*.